

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/714
komudagur 7.12.2011



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför, nr. 90/1989 (252.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á reglum um árangurslaust fjárnám.

Í ofangreindu frumvarpi er lagt til að þær breytingar verði gerðar á reglum um fjárnám í lögum um aðför að ekki verði heimilt að gera árangurslaust fjárnám hjá aðila hefur nú þegar á sér árangurslaust fjárnám, þó með tímatakmörkunum. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er því ætlað að draga úr óþarfa kostnaði og vinnu fyrir bæði gerðarbeiðanda og hið opinbera.

Af greinargerð með frumvarpinu er þó í raun ekki að skilja hver ávinningur af því er ætlað að vera. Þrátt fyrir ákvæðið þyrfti gerðarbeiðendur að óska eftir fjárnámi til að rjúfa fyrningarfresti. Verði þetta samþykkt þá gerðu þeir það með þá vitneskju að það yrði ekki samþykkt. Þessi tillaga virðist því setja viðbótar flækjustig á þetta ferli.

Það verður því að gera þá kröfu að skýrt komi fram hverju þessu frumvarpi er ætlað að skila. Einnig væri rík þörf á að fá álit réttararsnefndar á þessu máli, t.d. til að meta stöðu gerðarbeiðenda komi til samþykktar á þessum reglum.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga að svo stöddu en því verði vísað til réttararsnefndar.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands